

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánud. 16-21 fimmtud. 16-21 og laugard. 10-16

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

3.árg. 7.tbl. ágúst 2023

Kassabílar fyrstir yfir Stóru Laxá



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Upp í sveit var haldin 16-18. júní og var dagskráin fjölbreytt og skemmtileg og þátttakan frábær. Menningar- og æskulýðsnefnd á hrós skilið fyrir frábæra hátíð.

Það var stór áfangi þann 13. júlí þegar nýja brúin yfir Stóru Laxá var formlega vígð og tekin í notkun. Eftir að klippt var á borðann, þá voru það kassabílar frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem voru fyrstu farartækin til að fara yfir brúnnu.

Það hefur verið mikið um framkvæmdir hjá okkur núna í sumar. Sumarlokun Leikholts hefur verið vel nýtt og stór hópur iðnaðarmanna unnið að miklum breytingum á húsnæðinu sem mun bæta starfsaðstöðuna og umhverfi barnanna verulega. Betri hljóðvist, salerni inná öllum deildum, rýmra pláss í andyrinu fyrir fatnað ásamt bættri vinnuáðstöðu fyrir starfsfólk. Þegar breytingarnar verða full kláraðar erum við vel í stakk búin til að taka á móti fjölgun barna í leikskólanum okkar.

Búið er að klára viðgerð á gamla bókasafninu og opnast því möguleikar á að nýta húsnæðið undir ýmsa starfssemi.

Í Skeiðalaug hefur verið mikið um að vera. Búið er að slípa niður alla steypuna og er unnið að viðgerðum á sprungum. Ástand steypunnar er mikið betra en við þorðum að vona og verður mikil ásýndarbreyting þegar búið verður að múra allt uppá nýtt. Búið er að fræsa gólfhita í kringum laugina og uppá efri tröppurnar, en verið er að fara að steypa nýjar tröppur uppá pallinn þar sem nýju heitu pottarnir eiga að koma. Sundlaugin verður svo máluð í nýjum

Pistill frá sveitarstjóra



lit á næstu dögum. Skeiðalaug kemur til með að verða glæsilegt mannvirki að framkvæmdum loknum.

Gatnagerðin í Brautarholti er á eftir áætlun en ég geri ráð fyrir að mikill kraftur verði í þeim framkvæmdum í ágúst. Það voru ýmsar áskoranir sem hafa tafið verkið. Mikið af lögnum sem þurfti að færa, t.d. stofninn á ljósleiðaranum en þar þarf að taka í sundur tæplega 200 ljósleiðaraþræði, færa og tengja aftur. Ég geri ráð fyrir að lóðirnar í nýju götunni verði auglýstar í næsta mánuði og verður spennandi að sjá hver eftirspurnin verður.

Í Þjórarskóla er verið að setja upp lyftu í húsinu og loksins verður því tryggt aðgengi fyrir alla um allt hús. Lyftan verður komin í notkun þegar skólinn hefst í ágúst.

Það hefur verið gott að fá nokkra daga í sumarfrí en næg verkefni eru framundan. Vinna að nýju deiliskipulagi fyrir Árnes heldur áfram í haust og stefnum við á íbúafund til að kynna og eiga samtal um hvernig byggðin muni þróast.

Innleiðing nýrrar skólastefnu og undirbúningur að því að Þjórarskóli verði heildstæður grunnskóli með 1-10. bekk

verður mikið verkefni og hefst sú vinna strax í haust.

Baráttan fyrir því að nærumhverfi orkuvinnslu fái sanngjarnar tekjur af starfsseminni heldur áfram. Orkumálin munu skapa stóran sess í sveitarfélaginu okkar um ókomna tíð enda fjölmargir virkjanakostir fyrirhugaðir í okkar sveitarfélagi.

Á sveitarstjórnarfundi í þessari viku var á dagskrá að hefja vinnu við auðlindastefnu sveitarfélagsins. Við búum við miklar auðlindir tengt landbúnaði, náttúru og orku. Mikilvægt er að móta stefnu til framtíðar þannig að auðlindirnar nýtist íbúum sveitarfélagsins til framtíðar og efli búsetuskilyrði og atvinnu á svæðinu. Ég tel að slík stefna verði mikilvæg í

ákvörðunum um atvinnuuppbyggingu til framtíðar.

Uppbygging ferðaþjónustu verður mikil á næstu árum og fjölmörg tækifæri til að byggja upp fjölbreytta atvinnu í ferðaþjónustu.

Mikil áskorun verður að tryggja það að innviðir sveitarfélagsins standi undir áætlaðri fjölgun íbúa næstu ára. Ég tel að tækifæri liggi í því að sameina og efla heita og kaldavatnsveitur í sveitarfélaginu til að tryggja rekstraröryggi og uppbyggingu til framtíðar.

Það er spennandi vetur framundan með fjölmörgum verkefnum og áskorunum.

Fleira er það ekki að sinni,

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

Búið að klippa á borðann og nýja brúin yfir Stóru Laxá formlega opnuð



Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2023

Tæki	kr	@	Ath:
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	4.200	klst	Lágmarksgjald 10.000
Vendiplógur – opinn, 5 skera	5.300	dag	+ 580 kr/km
Pinnatætari - NÝR	5.100	klst	
Hnífatætari	5.100	klst	
Fjaðraherfi	3.700	klst	Lágmarksgjald 10.000
Hefill	4.100	klst	Fyrstu 5 klst, síðan 2.500. Lágmarksgjald 8.000
Flag- og túnvaltari 6,3 m,	6.200	klst	Fyrstu 5klst, síðan 3.000
Valtari 3.0 m, 5.8 tonn	3.200	klst	
Slóði	4.300	klst	
Haugsuga 12 T	20.500	dag	
Haugsuga 14 T	21.500	dag	
Haugsuga 15 T	22.500	dag	
Rúlluvagn með vökva skjólborðum	8.000	dag	+180 kr/km
Rúlluvagn án skjólborða	7.300	dag	+180 kr/km
Fjölnotakerra	12.500	dag	
3ja hesta kerra	10.000	dag	
Athafnakerra	10.000	dag	
Steypuvél	15.000	dag	
Staurabor	5.500	klst	Lágmarksgjald 8.500 kr
Þyngdarklossi	6.500	dag	
Taðgreip	11.000	dag	
Þrifagjald	35.000		

Tæki félagsins eru í umsjá Einars Guðnasonar í Heiðarbrún og eru þau sótt og þeim skilað til hans.

Sími 848 1619. Senda skal smáskilaboð til umsjónarmanns með tímafjölda notkunar strax við skil.

Ætlast er til þess að tækjum sé skilað hreinum. Ef misbrestur er á því kemur til þrifagjald.

Ef skemmdir verða á tækjum greiðist viðgerð af leigutaka.



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

G J A F A B R É F

Í tilefni

20 ára afmælis Selásbygginga

og

60 ára afmælis BYKO

Færum við Leikskólanum Leikholt reiðhjólastand að gjöf

Gleðilegt hjólasumar

21. júní 2023



SELÁSBYGGINGAR ehf

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Upp í sveit 16-18. júní



Upp í sveit 16-18. júní



Upp í sveit 16-18. júní



Upp í sveit 16-18. júní



Skeiðalaug

Framkvæmdir hafa staðið yfir í Skeiðalaug síðan 3.júlí síðastliðinn og gengur mjög vel. Búið er að slípa alla veggi laugarinnar og brjóta úr það sem var skemmt í steypunni. Steypan var mun betur farin en á horfðist svo ákveðið var að gera meira en samið var um til að þetta tæki minni tíma. Það er einnig búið að leggja gólfhita allan hringinn í kring um lagina svo hægt sé að ganga um allt. Nú er verið að leggja lokahönd á múrviðgerðir

og bæta upp það sem var verið að brjóta.

Nýju heitu pottarnir verða svo settir á sinn stað og smíðað í kring um þá þegar múrviðgerðum lýkur. Sundlaugin sjálf verður máluð í nýjum lit og settur verður nýr forhitari svo hún haldi alltaf réttu hitastigi. Búið er að setja upp nýja sturtuhausi þar sem þessir gömlu voru komnir til ára sinna. Búast má við að þessar framkvæmdir standi aðeins lengur yfir,

eða allavega til næstu mánaðarmóta, hlökkum til að opna nýja og uppgerða Skeiðalaug þegar allt er orðið klárt.

Líkamsræktin er alltaf opin þrátt fyrir framkvæmdir. Hægt er að kaupa aðgangskort með því að hafa samband við umsjónaraðila laugarinnar.

Opnunartími líkamsræktar:

Virka daga frá kl 6:00 – 21:00

Helgar frá kl 8:00 – 18:00



Umsjónaraðili: Viktoría Rós, sími: 772-2484.



Gamla dularfulla húsið

7. Þáttur: júlí.

Ég opnaði hurðina um leið og ég hljóp í fangið á mömmu. Ég knúsaði hana fast og lengi. Þegar ég loksins slepti takinu, barði mamma mig fast, beint í bringuna, svo ég hentist yfir að veggnum hinum megin í húsinu. Ég missti andann, gat varla opnað augun og lenti harkalega á eldhúsbordinu. Það mölbrotnaði undir mér og eftir það varð allt svart.

Ég sé allt. Ég sé grasið, ég sé bíla, ég sé... krakkana. Þegar strákurinn opnaði hurðina, hljóp hann upp að mér. Ég reyndi að ná honum af mér og þegar hann loksins slepti takinu

henti ég honum alveg inn í eldhúsið. Hann lenti harkalega og rotaðist. Þetta gat ég notfært mér. Ég labbaði að honum, greip í hann og dró hann að húsinu mínu. Þá sá ég ljós. Ég rétt náði að snúa mér við og tók eftir bíl. Ég gat ekki forðast það að hann lenti á mér og henti mér úr transinum sem ég var í. Ég... Þarf... Hefnd.

Ég vaknaði með dúndrandi höfuðverk, eins og ég hefði lent fyrir bíl. Þegar ég opnaði augun sá ég mömmu sitjandi fyrir framan mig, en hún var með lokuð augun. Mér dauðbrá og bakkaði hratt frá henni. Þá greip einhver í mig. Ég öskraði en hönd greip fyrir munninn á mér. Mér var snúið við og þar voru... Stef og Bjarki! „Velkominn aftur maður” sagði Bjarki. Við hliðina á honum stóð maður, það var sá sem hafði gripið í mig áður. „Allt er farið til fjandans”, sagði Stef og dró gardínu frá glugganum. „Sjáðu”. Hún benti út um gluggann og þar var... her af uppvakningum að labba frá húsinu hans Karlssonar. Þarna inni sá ég Andra, hrekkjusvínið úr skólanum sem var sá fyrsti til að hverfa. Uppvakningarnir voru að labba eitthvert lengst út í burskann. „Hólý s...”



Höfundur
Bergur Tjörvi Bjarnason,
Hraunbrún



ÚTIHREYSTI Í ÁGÚST

Námskeið 1

14 – 30.ágúst

Mánudaga & Miðvikudaga

kl 6:30 – 7:15

Verð: 11.900 kr

Námskeið 2

15 – 31.ágúst

Þriðjudaga & Fimmtudaga

kl 16:15 – 17:00

Verð: 11.900 kr

Bæði námskeiðin

Verð: 18.900 kr

Skráning: umfskeid@gmail.com

Þjálfari: Viktoría Rós

Facebook hópur: ÚTIHREYSTI UMFSkeið

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



		8						
4	9		1	5	7			2
		3			4	1	9	
1	8	5		6			2	
				2			6	
9	6		4		5	3		
	3			7	2			4
	4	9		3			5	7
8	2	7			9		1	3

		9				7	2	
	5						9	
		7	5	4	9		6	
6		2	4			8		
	3		9		8		5	
	1			6	3			
	4	6				2		
5						6		9
	2		3			5		

Sveitarstjórn 2022-2026. 22. fundur 7. júní 2023 kl. 09:00 - 12:30

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Karen Óskarsdóttir og Gunnar Örn Marteinnsson
Fundargerð ritaði: Sýlvía Karen Heimisdóttir
Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 22. sveitarstjórnarfund
Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta sveitarstjórnarfund:

Héraðskjalasafn Árnesinga.

Kynning Orkuveitu Reykjavíkur.

Málefni þjóðlendna.

Fundur með forsætisráðherra.

Heimsókn nemenda frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga.

Skólahúsnæði Þjórarskóla.

Kynningarfundur um Eldfjallaleiðina.

Vinnustofa vindorkuhóps sem fór til Noregs.

Fundur Almannafræðisráðs Árnessýslu.

Skeiðalaug framkvæmdir o.fl.

2. Minnisblað frá Innviðaráðuneytinu

Lagt fram til kynningar minnisblað frá innviðaráðuneytinu sem snýr að framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 að ekki skuli úthluta jöfnunarframlögum til þeirra sveitarfélaga þar sem hámarkstekjur á hvern íbúa miðað við útsvar og fasteignaskatt er 50% umfram meðaltekjur á íbúa annarra sveitarfélaga.

3. Greinargerð vegna framkvæmdaleyfis Hvammsvirkjunar - lögð fram til kynningar

Lögð fram til kynningar greinargerð Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í tengslum við umsókn framkvæmdaleyfis vegna Hvammsvirkjunar, í samræmi við 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að boða til aukafundar sveitarstjórnar þann 14. júní 2023 kl. 17:00 þar sem beðni Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjun verður á dagskrá.

4. Erindi til Skipulagsstofnunar

Núverandi lagaumgjörð orkuvinnslu á Íslandi er slík að takmarkaður ábati skilar sér til nærumhverfis vindorkuframleiðslu og áhrifin verða verulega

neikvæð. Ekki er hægt að heimila slíka uppbyggingu í núverandi lagaumgjörð. Á meðan ekki liggja fyrir samþykkt lög um vindorkuframleiðslu hefur sveitarfélagið engar forsendur til að meta möguleg áhrif vindorkuuppbyggingar á nærumhverfið. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hlynnt ábyrgri nýtingu auðlinda, en til þess að hún sé samféláginu til hagsbóta þarf lagaumgjörð og skattaumgjörð að vera þannig að hún sé sanngjörn á milli nærumhverfis orkuframleiðslu og notenda orkunnar. Á grundvelli 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 óskar sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir því við Skipulagsstofnun að fresta ákvörðun um landnotkun fyrir Búrfellslund samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki.

Karen Óskarsdóttir óskaði eftir fundarhléi. Tekið hlé í tíu mínútur.

Karen Óskarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

Til viðbótar við framangreint þá eiga umhverfislegir og náttúrufarslegir þættir að hafa meira vægi heldur en fjárhagslegur ábati.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að fara fram á frestun um ákvörðun á landnotkun vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Sveitarstjóra falið af senda erindið til Skipulagsstofnunar.

5. Úrskurður forsætisráðuneytis vegna útboðs veiðiréttar í Fossá

Úrskurður forsætisráðuneytis vegna útboðs í veiðirétt í Fossá lagður fram til kynningar.

6. Úrskurður Forsætisráðuneytis vegna útboðs við vikurnámur í Búrfelli

Úrskurður Forsætisráðuneytis vegna útboðs í vikurnámur í Búrfelli lagður fram til kynningar

7. Rammasamkomulag – uppgjör.

Lagt fram til staðfestingar samkomulag um lokauppgjör á rammamkomulagi frá 2008 milli sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar varðandi undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar. Karen Óskarsdóttir óskaði eftir fundarhléi. Tekið hlé í 5 mínútur.

Karen Óskarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

Samkomulagið var undirritað 2. júní 2023 án formlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar eða að sveitarstjóra veitt til þess umboð. Komið hefur

fram að upphaflegt rammasamkomulag var skilyrt við virkjunarframkvæmdir. Í inngangi þessa samkomulags segir að nú liggi fyrir að Hvamsvirkjun verði að veruleika. Lokauppgjör á rammasamkomulaginu er því bundið við ákvörðun sem ekki hefur verið tekin og greiðsla innt í kjölfar á veittu framkvæmdaleyfi. Þessi afgreiðsla orkar því tvímælis.

Haraldur Þór Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun: Á fundi sveitarstjórnar 3. maí 2023 upplýsti sveitarstjóri sveitarstjórn um drög að uppgjöri rammasamkomulagsins. Í framhaldi af því fór endurskoðandi Skeiða- og Gnúpverjahrepps yfir allar greiðslur tengt rammasamkomulaginu sem leiddi til þeirrar niðurstöðu sem uppgjör samkomulagsins byggir á. Fimmtudaginn 1. júní sendi sveitarstjóri tölvupóst á alla í sveitarstjórn með uppgjörinu og upplýsti um að það væri tilbúið. Einnig upplýsti sveitarstjóri alla í sveitarstjórn að það lægi fyrir að samkomulagið yrði undirritað og lagt fram til kynningar á sveitarstjórnarfundi 7. júní 2023. Einnig í sveitarstjórn mótmælti fyrirhuguðum frágangi samkomulagsins, enda hafði sveitarstjóri haldið sveitarstjórn vel upplýstri um málið.

Sveitarstjórn staðfestir með 4 atkvæðum samkomulag um lokauppgjör á rammasamkomulagi. Karen Óskarsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins.

8. Erindi frá kennurum Þjórsárskóla

Karen Óskarsdóttir vikur af fundi við afgreiðslu málsins.

Lagt fram erindi frá kennurum í Þjórsárskóla er varðar styttingu vinnuvikunnar. Kennarar í Þjórsárskóla telja að mismunum sé í framkvæmd vinnutímastyttingar milli Þjórsárskóla og Leikholts. Á sveitarstjórnarfundi 15. júní 2022 var lagt fram til kynningar útfærsla Þjórsárskóla um styttingu vinnuvikunnar. Á skólanefndarfundi 16. nóvember 2022 var vinnutímastytting Leikholts kynnt fyrir skólanefnd. Engar athugasemdir höfðu borist, hvorki til skólanefndar né til sveitarstjórnar um athugasemdir á útfærslu vinnutímastyttingar fram að þessu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur sveitarstjóra og fjármálastjóra að taka saman allar upplýsingar er snúa að framkvæmd vinnutímastyttingarinnar og samanburð á vinnutíma í bæði Þjórsárskóla og Leikholti og hvernig framkvæmdin er í samræmi við leiðbeiningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þeirra kjarasamninga sem starfsfólk beggja

skóla starfar eftir og leggja fyrir sveitarstjórn.

Karen Óskarsdóttir kemur inn á fund.

9. Atvinnumálastefna Uppsveitanna

Atvinnumálastefna Uppsveita fyrir árin 2023-2027 var lögð fram að loknu athugasemdaferli. Að stefnunni standa Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Í stefnunni var leitast við að setja fram raunhæf markmið og að unnt verði að mæla framvindu. Stefnan tekur mið af Sóknaráætlun Suðurlands.

Sveitarstjórn þakkar vinnuhópnum sem stóð að vinnu atvinnumálastefnunnar fyrir sitt framlag, svo og öðrum þeim sem komu að vinnunni.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum atvinnumálastefnu uppsveitanna.

10. Byggsáðbrúnarfulltrúi - ferðamálafulltrúi Uppsveitanna

Lagt fram minnisblað ásamt fylgigögnum er varðar byggsáðbrúnarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnessýslu. Fyrir liggur að ný staða byggsáðbrúnarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnessýslu hefur verið samþykkt í gegnum samstarfssamning við SASS sem byggir á samningi SASS við Byggsáðstofnun. Framlag SASS nemur um 7.500.000 kr. miðað við heilt almanaksár. Lagt er til að auglýst verði eftir starfsmanni í 100% starf, og undir það heyrir, auk skilgreindra verkefna byggsáðbrúnarfulltrúa, ferða- og kynningarmál, eftirfylgni með atvinnustefnu, auk mála sem tengjast fjölmenningu. Bláskógabyggð verði leiðandi sveitarfélag og gerður verði samningur milli sveitarfélaganna um verkefnið. Um er að ræða sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Kostnaður sveitarfélaganna, umfram framlög SASS, skiptist í jöfnum hlutföllum á milli sveitarfélaganna fjögurra. Ráðningarferli annist sveitarstjóri Bláskógabyggðar og formaður oddvitanefndar. Áætlaður kostnaður sveitarfélaganna á árinu 2023 er á bilinu 1.800.000 til 2.300.000 og ræðst m.a. af því hvenær nýr starfsmaður gæti hafið störf.

Gunnar Örn Marteinsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég sé ekki þörf á því að taka þátt í þessu samstarfi. Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur vel í erindið. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fram til samþykktar á sveitarstjórnarfundi þann 21. júní nk.

11. Áætlun um jafnrétti - yfirfarin af Jafnréttis- og velferðarnefnd

Lögð fram áætlun um jafnrétti kynjanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir árin 2023-2027. Búið er að fjalla um áætlunina í velferðar- og jafnréttisnefnd sem hefur skilað ábendingum um áætlunina og búið er að taka tillit til þeirra.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

12. Umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar á Hótel og baðstaði í Reykholti

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun er varðar uppbyggingu Rauðukamba á Fjallaböðunum í Þjórsárdal. Óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn sveitarfélagsins um framkvæmdina.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fagnar uppbyggingu fjallabaðanna í Þjórsárdal og felur sveitarstjóra að senda Skipulagsstofnun umsögn um framkvæmdina.

13. Beiðni um leigu á Þjórsárskóla

Lögð fram beiðni frá Björgunarhundasveit Íslands (BHSÍ) um möguleika á því að fá gistingu fyrir sveitina í sveitarfélaginu dagana 22.-25. júní, þá helst í Þjórsárskóla. Fyrirhugaðar eru æfingar sveitarinnar á svæðum upp af Þjórsárdal.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að ekki sé hægt að verða við beiðninni um að gista í Þjórsárskóla í sumar þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru á skólahúsnæðinu, bæði á að málum, skipta um glugga ásamt því að lyfta verður sett upp í skólanum.

14. Umsögn um rekstrarleyfi Þrándartúni 3

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna leyfi til reksturs gististaðar í flokk II – G íbúðir að Þrándartúni 3, fasteignanúmer F230-7103, umsækjandi Stakkur 1 ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsökn um rekstur gististaðar í flokki II.

15. Skipun í stjórn Þjóðveldisbæjar

Skipun Einars Bjarnasonar í stjórn Þjóðveldisbæjarins rennur út í júní 2023. Sveitarstjórn þarf að skipa nýjan fulltrúa í stjórnina.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að skipa Bjarna H. Ásbjörnsson sem fulltrúa sveitarfélagsins í stjórn Þjóðveldisbæjarins.

16. Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands

Skógræktarfélag Íslands sendir erindi til allra sveitarfélaga á Íslandi til þess að leiðrétta rangfærslur sem nýlega voru send sveitarfélögum um skógrækt. Í erindinu kemur fram að Ísland sé ekki víði vaxið land og eitt fátækasta land Evrópu af skógum. Miðað við óbreyttar gróðursetningar, sem nú eru um 6 miljónir plantna á ári, muni ræktaðir skógar aukast úr 0,47% í 0,79% af flatarmáli ræktanlegs lands. Ef tvöföldun fjármagns fengist í skógrækt á Íslandi, þá yrði skógarþekja á Íslandi komin í mesta lagi í 1,19% árið 2050. Stjórn Skógræktarfélags Íslands varar við neikvæðum málflutningi andstæðinga skógræktar og lýsir sig reiðubúna til að veita nánari upplýsingar og vinna með sveitarfélögum landsins að gera landið byggilegra og náttúruvænna með skipulagðri skógrækt.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar Skógræktarfélagi Íslands innsent erindi og telur mikilvægt að skipulag skógræktar verði sett í skipulag sveitarfélagsins til framtíðar.

17. Fundargerð aukafundar Héraðsnefndar Árnesinga 24.mai 2023

Aukafundur Héraðsnefndar var haldinn 24.05.2023. Lagt fram til kynningar minnisblað um húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga, dags. 29.05.2023, ásamt fylgigögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að Héraðsnefnd Árnesinga taki húsnæði að Hellismýri 8, Selfossi,

RAF- OG TÚNGIRÐINGAREFNI



á leigu fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga, með þeim áhrifum sem það hefði á fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins til næstu ára, fáiust húsnæðið leigt. Með því móti væri búið að tryggja húsnæðisþörf Héraðsskjalasafnsins til framtíðar. Á móti myndi falla út kostnaður við leigu í Ráðhúsi Árborgar og rekstrarkostnaður af Háheiði 9.

18. Auka aðalfundur Bergrisans 15. júní 2023

Lagt fram fundarboð og dagskrá á aukaadalfund Bergrisans sem fer fram 15. júní 2023. Lagt til að fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundinum verði. Aðalmenn: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni H. Ásbjörnsson og Karen Óskarsdóttir. Varamenn: Sýlvía Karen Heimisdóttir, Gunnar Örn Marteinsson og Vilborg Ástráðsdóttir.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykktir með 5 atkvæðum skipun aðal- og varamanna á auka aðalfund Bergrisans 15. júní 2023.

19. Fundargerðir skipulagsnefndar

Hagi 1 L168245; Rannsóknir á Þjórsárdalsvegi; Framkvæmdaleyfi - 2305052

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi vegna jarðkönnunar á fyrirhugaðri veglinu Þjórsárdalsvegar. Umsókn um leyfi til jarðtæknirannsóknna fer í gegnum land Minna-Núps, Fossnes, Haga o.fl. jarða

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem um jarðkönnun er að ræða er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna málsins. Hvammsvirkjun; Vatnsaflsvirkjun í Þjórsá; Framkvæmdaleyfi - 2301011

Lögð er fram umsókn Landsvirkjunar, dags. 14.12.2022, ásamt fylgiskjöllum, vegna framkvæmdaleyfis fyrir Hvammsvirkjun. Um er að ræða gerð virkjunar í neðanverðri Þjórsár norður að Skarðsfjalli, skilgreind á aðalskipulagi innan svæðis I15 - Hvammsvirkjun. Í framkvæmdinni felast uppbyggingar á virkjun Þjórsár norður af Skarðsfjalli undir heitinu Hvammsvirkjun. Inntakslón hennar, Hagalón, verður í farvegi Þjórsár norður af Skarðsfjalli. Lónið verður í um 116 m y.s. og um 4 km² að stærð og rúmmál lónsins verður um 13,2 milljón m³. Stöðvarhús verður að mestu leyti neðanjarðar við norðurenda Skarðsfjalls, í landi Hvamms 1 í Landsveit. Framkvæmdarsvæði Hvammsvirkjunar er í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Með umsókninni er lögð fram tillaga greinargerðar um framkvæmdina, sem unnin er með vísan til 3. mgr. 27.

gr. laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlaða nr. 111/2021 þar sem tiltekið er að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem m.a. skal gerð er rökstudd grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við skipulagsáætlanir og við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frestar afgreiðslu málsins. Málið verður tekið til afgreiðslu á aukafundi sveitarstjórnar sem haldinn verður 14. júní 2023 kl. 17:00.

Selhofðar í Þjórsárdal; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2106076

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði í mynni Þjórsárdals eftir auglýsingu. Í tillögunni felst að við Selhöfða í Þjórsárdal er skilgreint 27,2 ha verslunar- og þjónustusvæði (VÞ26) þar sem gert verður ráð fyrir þjónustumiðstöð með verslun og veitingum og móttöku fyrir hótél í Reykholti. Gisting getur verið fyrir 150 gesti í gestahúsum, auk þess verður tjaldsvæði með áherslu á tjaldvagna og hjólhýsi og aðstöðuhús fyrir tjaldsvæði. Heimilt byggingarmagn er 5.350 m². Gerð verður breyting á aðkomu og settur inn nýr vegur frá þjónustumiðstöð að hóteli í Reykholti. Þjónustusvæðið VÞ21 við núverandi veg að Reykholti verður fellt út. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og telur sveitarstjórn að ekki sé ástæða til að uppfæra gögn málsins á grundvelli þeirra umsagnar sem borist hafa vegna málsins. Endanlega staðsetning nýs vegar að fyrirhuguðum fjallaböðum í Reykholti er háð útgáfu framkvæmdaleyfis og mælist sveitarstjórn til þess að endanleg staðsetning hans verði unnin í nánú samráði við viðeigandi hagsmuna- og umsagnaraðila. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Selhofðar í Þjórsárdal; Þjónustumiðstöð; Deiliskipulag - 2110091

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Selhöfðum í Þjórsárdal eftir auglýsingu. Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til ferðamannasvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal á um 52 ha svæði þar sem

m.a. gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð sem þjóna muni öllum þjórsárdal. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þjónustumiðstöð, gistihúsi/smáhúsi, aðstöðuhúsi auk salernishúsa og spennistöðvar. Umsagnir bárust á auglýsinga- og kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Lögð er fram samantekt umsagnar sem talin er þörf á að bregðast við eftir auglýsingu ásamt áætludum viðbrögðum. Sveitarstjórn mælist til að tillagan verði uppfærð í takt við samantekt fyrir afgreiðslu sveitarstjórnar. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

20. Fundargerðir Velferðar-og jafnréttisnefndar Fundargerð 3. og 4. fundar Velferðar- og jafnréttisnefndar lagðar fram til kynningar.

21. Fundargerðir Loftslags- og umhverfisnefndar Fundargerð 6. og 7. fundar Loftslags- og umhverfisnefndar lagðar fram til kynningar.

22. Fundargerðir Menningar- og æskulýðsnefndar Fundargerð 5. og 6. fundar Menningar- og æskulýðsnefndar lagðar fram til kynningar.

23. Fundargerð skólanefndar

Fundargerð 6. fundar skólanefndar lögð fram til kynningar.

24. Fundargerð Almannaþingarnefnd Árnessýslu Fundargerð 2. fundar Almannaþingarnefndar Árnessýslu lögð fram til kynningar.

25. Fundargerð Tónlistarskóla Árnessýslu

Fundargerð 206. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnessýslu lögð fram til kynningar.

26. Fundargerð stjórnar Þjóðveldisbæjar og samningur

Fundargerð 3. stjórnarfundar Þjóðveldisbæjarins ásamt samningi og viðauka lagt fram til kynningar.

27. Fundargerðir stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð 926. og 927. fundar stjórnar Sambands íslenskrar sveitarfélaga lagðar fram til kynningar.

28. Fundargerð Brunavarna Árnessýslu

Fundargerð 8. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu lögð fram til kynningar.

29. Fundargerðir stjórnar Bergrisans

Fundargerð 55, 56. og 57. fundar stjórnar Bergrisans ásamt starfsreglum þjónusturáðs lagðar fram til kynningar.

30. Fundargerð stjórnar Orkusveitarfélaga

Fundargerð 64. fundar stjórnar samtaka Orkusveitarfélaga lögð fram til kynningar.

31. Fundargerðir Oddvitanefndar

Fundargerð 2. og 3. fundar oddvitanefndar ásamt ársreikningi 2022 lagðar fram til kynningar.

32. Aðalfundarboð Háskólafélags Suðurlands

Lagt fram aðalfundarboð Háskólafélags Suðurlands. Aðalfundurinn fer fram miðvikudaginn 7. júní 2023 kl. 11:00 á teams.

Fundi slitið kl. 12:20. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 14. júní, kl. 17:00, í Árnesi.

Sveitarstjórn 2022-2026. 23. fundur 14. júní 2023 kl. 17:00 - 18:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinsson og Gerður Stefánsdóttir í fjarveru Karen Óskarsdóttir.

Sylvía Karen Heimisdóttir ritaði fundinn.

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Oddviti tók sérstaklega fram að öll umræða fari fram í ræðupólti og að fundurinn sé tekinn upp. Upptakan verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Gerður Stefánsdóttir óskaði eftir því að bæta máli á dagskrá fundarins um að fresta afgreiðslu framkvæmdaleyfis, að fordæmi Rangárþings Ytra og að málið verði sent til Loftslags- og umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Staðan hjá okkur er sú að málið hefur enn ekki komið á borð Loftslags- og umhverfisnefndar sveitarfélagsins. Samkvæmt 2 mgr. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 skulu náttúruverndarnefndir vera sveitastjórnir til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitastjórna og Umhverfisstofnunar. Óeðlilegt er að málefni sem hefur svo mikil áhrif á umhverfi og landslag sveitarinnar fái ekki afgreiðslu í þeirri nefnd. Legg ég til að þessi viðbótarliður bættist við á dagskrá fundar í dag áður en framkvæmdaleyfi verður tekið til umfjöllunar.

Var beiðni Gerðar Stefánsdóttur um að málið væri tekið samþykkt af sveitarstjórn með 5 atkvæðum og verður málið 1. liður á dagskrá fundar, færað aðrir dagskrárliðir neðar sem því nemur.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Beiðni um frestun á afgreiðslu framkvæmdaleyfis Hvammsvirkjunar

Óskað er eftir því afgreiðsla framkvæmdaleyfis til Hvammsvirkjunar verði frestað og málinu vísað til Loftslags- og umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Til máls taka Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gerður Stefánsdóttir og Gunnar Örn Marteinnsson.

Málið lagt til atkvæðagreiðslu.

Tillögu um að fresta afgreiðslu framkvæmdaleyfis Hvammsvirkjunar og vísa henni til Loftslags- og umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hafnað af sveitarstjórn með 4 atkvæðum.

Gerður Stefánsdóttir greiðir atkvæði með tillögunni.

2. Beiðni um framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar

Lögð er fram umsókn Landsvirkjunar, dags. 14.12.2022, ásamt fylgiskjöllum, vegna framkvæmdaleyfis fyrir Hvammsvirkjun. Um er að ræða gerð virkjunar í neðanverðri Þjórsá norður að Skarðsfjalli, skilgreind á aðalskipulagi innan svæðis I15 - Hvammsvirkjun. Í framkvæmdinni felst uppbygging á virkjun Þjórsár norður af Skarðsfjalli undir heitinu Hvammsvirkjun. Inntakslón hennar, Hagalón, verður í farvegi Þjórsár norður af Skarðsfjalli. Lónið verður í um 116 m y.s. og um 4 km² að stærð og rúmmál lönsins verður um 13,2 milljón m³. Stöðvarhús verður að mestu leyti neðanjarðar við norðurenda Skarðsfjalls, í landi Hvamms 1 í Landsveit. Framkvæmdarsvæði Hvammsvirkjunar er í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Með umsókninni er lögð fram tillaga að greinargerð um framkvæmdina, sem unnin er með vísan til 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlaða nr. 111/2021 þar sem tiltekið er að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem m.a. skal gera rökstudda grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við skipulagsáætlanir og við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar.

Til máls taka Haraldur Þór Jónsson, Gerður Stefánsdóttir, Gunnar Örn Marteinnsson og Bjarni Hlynur Ásbjörnsson.

Gunnar Örn Marteinnsson, Gerður Stefánsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson og Haraldur Þór Jónsson gera að lokum grein fyrir atkvæðagreiðslu sinni.

Málið lagt til atkvæðagreiðslu.

Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur framkvæmdina í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð og álit Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 4 atkvæðum framlagða umsókn um framkvæmdaleyfi á grundvelli heimilda aðalskipulags, gildandi deiliskipulags, umhverfismats framkvæmdarinnar og með vísan til framlagðrar greinargerðar sem unnin er í sameiningu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing Ytra. Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir greinargerðina sem umsögn sína um umsóknina. Framkvæmdaleyfið verði gefið út með þeim skilyrðum sem fram koma í skipulagi, úrskurði og áliti Skipulagsstofnunar og annarra stofnanna og leyfisveitenda og gerð er nánar grein fyrir í framlagðri greinargerð, varðandi mótvægisáðgerðir, vöktun, frágang vegna framkvæmdarinnar o.fl. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipuð verði eftirlitsnefnd í samráði við framkvæmdaaðila og aðra leyfisveitendur. Eftirlitsnefndin mun hafa eftirlit með því að öllum skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Eftirlitsnefndin hefur, ásamt skipulagsfulltrúa, eftirlit með því að framkvæmdin sé í samræmi við skipulag, leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum skv. 17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin mun skila af sér skýrslu um framkvæmd eftirlitsins við lok hvers áfanga framkvæmdarinnar. Sé settum skilyrðum ekki framfylgt, ásigkomulag, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar eða eigin eftirlit framkvæmdaaðila ábótavant eða stafi af henni hætta skal eftirlitsnefndin gera sveitarstjórnnum grein fyrir frávikum og tilkynna framkvæmdaaðila skriflega um frávík og kröfur til úrbóta.

Gerður Stefánsdóttir greiðir atkvæði gegn veitingu framkvæmdaleyfis Hvammsvirkjunar og lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég er ósamála meirihlutanum um afgreiðslu og rökstuðning. Mín niðurstaða er að hafna leyfisbeiðni. Ég hafna einnig þeirri aðferð og þeirri röksemdafærslu sem fram er lögð af meirihluta sveitarstjórnar í málinu. Ég hafna því algerlega að áratugagamalt umhverfismat Núpsvirkjunar geti legið til grundvallar leyfisveitingu Hvammsvirkjunar, með alla þá vitneskju sem undanfarnir ártugir hafa fært okkur. Löggjöf, viðhorf og aðstæður hafa breyst gagnvart umhverfinu. Engin sjálfstæð rannsóknarvinna fór fram á vegum meirihlutans heldur kom flest allt beint frá

Landsvirkjun, bæði drög og ráðgjöf. Landsvirkjun stendur ekki aðeins undir þriðjungi sveitarsjóðs, heldur er samkomulag frá 2008 dregið fram fyrir í mánuðinum og Landsvirkjun ætlar nú að gera upp gamlar skuldir samkvæmt því.

Þar sem meirihluti sveitarstjórna hefur þegar tekið ákvörðun um að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli umsóknar Landsvirkjunar, er ekki ástæða fyrir mig til að fjölyrða frekar um meginástæður þess að ég kys að hafna framkvæmdaleyfiþ.

Að auki leggur Gerður Stefánsdóttir fram sérálit og rökstuðning fyrir ákvörðun sinni.

Fundisliðið kl. 18.05. Næsti fundur sveitarstjórna ákveðinn miðvikudaginn 21. júní, kl. 9.00, í Árnesi.

Sveitarstjórn 2022-2026. 24. fundur 21. júní 2023 kl. 09:00 - 12:25

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Karen Óskarsdóttir og Gunnar Örn Marteinsson

Fundargerð ritaði: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Óskaði oddviti eftir því að bæta einu máli á dagskrá vegna skipunar í skólanefnd. Var það samþykkt og verður það 24. málsliður fundarins.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 24. sveitarstjórnarfund
Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að frá sveitarstjórnarfund 7. júní:

Heimsókn Jöfnunarsjóðs í Uppsveitirnar.

Heimsókn Orkuveitu Reykjavíkur.

Framkvæmdir í Brautarholti.

Fundur vegna aðal- deiliskipulags í Árnesi.

Framkvæmdir í Leikholti.

Fundur með Envalys.

Fundur með Bríet leigufélagi.

2. Rekstraryfirlit janúar-apríl 2023

Lögð fram rekstrarskýrsla og yfirlit staðgreiðslu fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins. Reksturinn sýnir hagnað uppá 2,8 milljónir 1. janúar – 30. apríl sem á sama tíma síðasta árs var neikvæður uppá 9,8 milljónir. Tekjuaukning á milli ára á tímabilinu nemur 11,88% á meðan rekstrarkostnaður eykst um 7,65%.

3. Fjárhagsáætlun 2023 - Viðauki II

Lagður fram viðauki II við fjárhagsáætlun 2023. Tekið er tillit til aukinna tekna sem og uppgjörs uppsafnaðs arðs frá Laugaráslæknishéraðinu. Helstu áhrif viðaukans eru 53,7 millj á reksturinn og eykst

hagnaðurinn úr 19,1 millj í 72,8 millj. Handbært fé í árslok hækkar um 23,7 millj. Breyting er á fjárfestingaráætlun og eykst fjárfestingin um 30 milljónir en í viðaukanum er gert ráð fyrir að flýta framkvæmdum við að byggja yfir plan í Skeiðalag og bæta þar við rúmlega 200 fm æfingasál.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum viðauka II við fjárhagsáætlun 2023 og felur fjármálastjóra að tilkynna hann til viðkomandi aðila.

4. Úthlutun lóða - Heiðargerði 1

Ein umsókn barst í lóðina Heiðargerði 1. Lóðin er 1792 m² að stærð og er skipulögð fyrir raðhús með 3 íbúðum. Umsækjandi er Selásbygggingar ehf.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að úthluta lóðinni að Heiðargerði 1 til Selásbyggginga ehf.

5. Andsvar við minnisblaði um ágang sauðfjár

Lagt fram til kynningar bréf frá forsvarsmönnum umræðuhóps um lausagöngu sauðfjár við minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. Bygðaðþróunarfulltrúi

Starf ferðamálafulltrúa og samningur við SASS um bygðaðþróunarfulltrúa fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum Árnassýslu. Minnisblað, dags. 23.05.2023, með tillögum.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefni sem varðar nýja stöðu bygðaðþróunarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnassýslu í gegnum samstarfssamning við SASS, sem byggir á samningi SASS við Bygðastofnun. Framlag SASS nemur um 7.500.000 kr miðað við heilt almanaksár. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að auglýst verði eftir starfsmanni í 100% starf og undir það heyri, auk skilgreindra verkefna bygðaðþróunarfulltrúa, ferða- og kynningarmál, eftirfylgni með atvinnustefnu, auk mála sem tengjast fjölmenningu. Bláskógabyggð verði leiðandi sveitarfélag og gerður verði samningur milli sveitarfélaganna um verkefnið. Um er að ræða sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Kostnaður sveitarfélaganna, umfram framlög SASS, skiptist í jöfnum hlutföllum á milli sveitarfélaganna fjögurra. Ráðningarferli annist sveitarstjóri Bláskógabyggðar og formaður oddvitanevndar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fjórum atkvæðum að taka þátt í nýrri stöðu bygðaðþróunarfulltrúa. Kostnaður rúmast innan núverandi fjárhagsáætlunar fjárhagsáætlun 2023 sbr. samþykktan viðauka II.

Gunnar Örn Marteinsson ítrekar fyrri bókun sína frá fundi sveitarstjórnar 7. júní og greiðir atkvæði á móti tillögunni.

7. Leyfisumsókn v. fornleifarannsóknna að Bergsstöðum.

Fornleifastofnun Íslands hefur hlotið styrk úr fornminjasjóði til fornleifarannsóknna á Bergsstöðum í Þjórsárdal. Sótt er um leyfi til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að fara í fornleifarannsóknina.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum beiðni Fornleifastofnunar Íslands um fornleifarannsóknir á Bergsstöðum í Þjórsárdal.

8. Framlenging ráðningar starfsmanns á skrifstofu

Í janúar á þessu ári samþykkti sveitarstjórn tímabundna ráðningu í 6 mánuði í 50% starfshlutfall á skrifstofu sveitarfélagsins. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að framlengja ráðninguna til 31. desember 2023.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlengingu á tímabundinni ráðningu starfsmanns á skrifstofu sveitarfélagsins til 31. desember 2023. Kostnaður rúmast innan núverandi fjárhagsáætlunar.

9. Úthlutun beitastykkja

Í maí voru auglýst fjögur beitastykki í eigu sveitarfélagsins til leigu, spilda nr. 2, 3, 4 og 5. Umsóknir bárust í öll fjögur beitastykki og var dregið úr umsækjendum. Einn aðili sótti um spildu nr. 2 Tveir umsækjendur voru um hverja spildu nr. 3., 4. og 5. Dregið var um úthlutun þeirra beitastykkja. Gunnar Örn vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fjórum atkvæðum að leigja út spildur nr. 2, 3, 4 og 5 til eftirfarandi aðila:

Spilda nr. 2 – við Tröð ca. 3 hektarar: Hannes Ó. Gestsson

Spilda nr. 3 – við Flatir ca. 5,5 hektarar: Magnús J. Hjaltested

Spilda nr. 4 – við Flatir ca. 6 hektarar: Tryggvi Karl Valdimarsson

Spilda nr. 5 – austan við Löngudælaholt ca. 3,5 hektarar: Jón Valdimarsson

Leiga fyrir hverja spildu er 75.000 kr. tímabilið 21. júní – 30. september. Spildurnar verða einungis leigðar sumarið 2023.

10. Beiðni um aukinn kennslukvóta

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir að kennslukvóti skólans í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði aukinn

úr 18,5 klst. á viku í 21,5 klst. á viku. Kominn er biðlisti í tónlistarnám og því þörf á að auka kennslukvótann til að mæta eftirspurninni.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum aukinn kennslukvóta fyrir Tónlistarskóla Árnesinga fyrir skólaárið 2023-2024.

11. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 262:

Álfsstaðir II L215788; Nýbyggingar; Deiliskipulag - 1806055

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Álfsstaða II L215788 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst heimild til uppbyggingar á íbúðarhúsi, gestahúsa, reiðhalla/hesthúss og skemmu á fjórum byggingarreitum. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðu skipulagi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna þar sem við á. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Löngudælaholt fristundasvæði; Endurskoðun deiliskipulags - 2104081

Lögð er framtillaga ervarðar breytingu og samræmingu deiliskipulags að Löngudælaholti úr landi Réttarholts að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að skilgreina betur núverandi fristundabyggð út frá staðbetri grunngögnum. Fyrir liggur undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægða frá vegum, ám og vötnum. Gerð var athugasemd við gildistöku tillögunnar af hálfu Skipulagsstofnunar vegna misræmis á milli skilmála aðalskipulags og deiliskipulags er varðar heimilað byggingarmagn á lóðum undir 4.000 fm. Tillagan hefur verið uppfærð í takt við athugasemd.

Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar með viðeigandi hætti innan skipulagstillögu. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði sent Skipulagsstofnun til varðveislu samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr.

123/2010.

Ásbrekka L166535; Byggingareitir og afmörkun skógræktar; Deiliskipulag - 2301045

Lögð er fram umsókn frá Finni Birni Harðarsyni er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til jarðar Ásbrekku eftir auglýsingu. Á jörðinni er m.a. stunduð skógrækt. Innan deiliskipulagsins eru skilgreindir fjórir byggingarreitir þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, gestahúsa og útihúsa. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Minni-Ólafsvellir L166482; Byggingarheimildir; Deiliskipulag - 2302014

Lögð er fram eftir auglýsingu tillaga nýs deiliskipulags að Minni-Ólafsvöllum. Í tillögunni felst skilgreining á byggingarreitum umhverfis núverandi hús auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu hesthúss og 3 gestahúsa. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þrándarlundur L166619; Skógarlundur; Stofnun lóðar - 2306001

Lögð er fram umsókn frá Ara Frey Steinþórssyni er varðar stofnun landeignar úr landi Þrándarlundur L166619. Landið fær staðfangið Skógarlundur og er alls um 40,36 ha að stærð. Svæðið er allt skilgreint sem skógræktarsvæði á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Glóruhlíð L210720; Stækkun byggingarreits; Óveruleg deiliskipulagsbreyting - 2306008

Lögð er fram beiðni frá Meika Witt er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi að Glóruhlíð L210720. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits fyrir hesthús og aukning á heimildum er varðar mænishæð.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi með fyrirvara um uppfærð gögn. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umskjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu, skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu í samráði við málsaðila.

Þrándarlundur L166619; Guðnýjarbolli; Staðfest afmörkun og breytt heiti lóðar - 2306011

Lögð er fram umsókn er varðar staðfestingu á hnitsettri afmörkun og stærð Þrándarlundur L166619. Lóðin mælist 1,1 ha að teknu tilliti til stofnunar 40,36 ha skógræktarlands sem fyrir liggur umsókn um í máli #2306001. Jafnframt er óskað eftir því að lóðin fái staðfangið Guðnýjarbolli.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um að lagður verði fram rökstuðningur er varðar staðfang lóðarinnar á grundvelli reglugerðar um skráningu staðfanga. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir erindið með fimm atkvæðum með skilyrði um að fyrrgreindur fyrirvari verði uppfylltur og fyrirvara um lagferð gögn.

Austurhlíð lóð 1 L194930; Breytt lóðamörk og breyting á byggingarreit; Deiliskipulagsbreyting - 2306012

Lögð er fram umsókn frá Skúla Rúnari Hilmarssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Austurhlíðar lóð 1. Í breytingunni felst að lóðir innan svæðisins hafa verið hnitsettar og lagfærð. Mörkum á lóðum 1 og 2 er breytt lítillaga í takt við nýja hnitsetningu auk þess sem gerð er lítillsháttar breyting á byggingarreitum. Kvöð er sett um aðkomu að lóð 2 í gegnum lóð 1.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Sveitarstjórn mælist til að staðföng svæðisins verði tekin til skoðunar á

grundvelli reglugerðar um skráningu staðfanga.

Hraunvellir L203194; Íbúðarlóðir, byggingarreitir gistihúsa og útihúsa; Deiliskipulag - 2306034

Lögd er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Hraunvalla L203194. Fyrir er deiliskipulag í gildi innan svæðisins. Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur eldra úr gildi. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarreita fyrir íbúðarhús, útihús og gistihús.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fjórum atkvæðum deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Haraldur Þór Jónsson vék fundi við afgreiðslu málsins.

Hagi 2 L166551; Náma og aðkoma; Aðalskipulagsbreyting - 2306043

Lögd er fram beiðni um heimild til að skilgreina nýtt efnistökusvæði innan aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Náman verði um 1,5 ha að stærð og heimilt verði að vinna 45 þús. m³ á gildistíma aðalskipulags. Landeigandi hefur undanfarin ár tekið efni til eigin nota á hluta svæðisins. Skoðað verður hvort hægt er að gera nýja aðkomu að námunni þannig að ekki þurfi að aka um bæjartorfu Haga til að nýta hana.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að vinna skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem tekur til skilgreiningar á námu á viðkomandi svæði í takt við framlagða umsókn.

Rauðukambar L234185; Framkvæmdarleyfi - 2306059

Lögd er fram umsókn frá Rauðukömbum ehf. vegna framkvæmdaleyfis. Í framkvæmdinni felst lagfæring á vegslóða að vinnusvæði fjallabaðanna í Reykholti í Þjórsárdal í samræmi við framlagða umsókn.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að gert verði grein fyrir því innan gagna málsins hvernig efnistöku vegna framkvæmda verður hagað. Leitað verði umsagna frá Forsætisráðuneytinu og Umhverfisstofnun fyrir útgáfu leyfis.

Fundargerð menningar- og æskulýðsnefndar

Fundargerð 7. fundar menningar- og

æskulýðsnefndar lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn þakkar menningar- og æskulýðsnefnd kærlega fyrir góða vinnu, metnaðarfulla og frábæra dagskrá við hátíðina Upp í sveit.

Fundargerðir loftslags- og umhverfisnefndar

Fundargerðir 8., 9. og 10. funda loftslags- og umhverfisnefndar lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjóra falið að svara nefndinni vegna athugasemdar nefndarinnar í 4. lið 9. fundargerðar nefndarinnar og hvetja nefndina til að huga að veitingu umhverfisverðlauna. Sveitarstjórn stefnir á fund með nefndinni að loknu sumarleyfi.

Fundargerð 10. fundar Seyrustjórnar

Fundargerð 10. fundar Seyrustjórnar lögð fram til kynningar.

Fundargerð 4. fundar oddvitanefndar

Fundargerð 4. fundar oddvitanefndar lögð fram til kynningar.

Fundargerð 228. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Fundargerð 228. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands lögð fram til kynningar.

Fundargerð Almannaþingarnefndar Árnessýslu

Fundargerð 2. fundar Almannaþingarnefndar Árnessýslu lögð fram til kynningar.

Fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð 928. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

Fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs

Fundargerð 101. fundar stjórnar byggðasamlags UTU lögð fram til kynningar.

Fundargerð stjórnar Bergrisans

Fundargerð 58. fundar stjórnar Bergrisans bs. lögð fram til kynningar.

Fundargerðir stjórnar Arnardrangs

Fundargerðir 5. og 6. fundar stjórnar Arnardrangs lagðar fram til kynningar.

Fundargerð stjórnar SASS

Fundargerð 596. fundar stjórnar SASS lögð fram til kynningar.

Fundargerð stjórnar Byggðarsafns Árnesinga

Fundargerð 6. fundar stjórnar Byggðarsafns Árnesinga lögð fram til kynningar.

Skipan í skólanefnd

Sveitarstjórn skipar Sigríði Björk Marinósdóttur í stað Sigríðar Bjarkar Gylfadóttur í skólanefnd og Hannes Gestsson til vara. Sigríður Björk Gylfadóttir í skólanefnd Flúðaskóla.

Fundi slitið kl. 12:25. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 2. ágúst, kl. 9.00, í Árnesi.



Göngum saman

Reimum á okkur skóna og förum út að ganga, njótum samverunnar og náttúrunnar.

Síðsumargöngur eru samstarf Útivistarnefndar Kvenfélags Gnúpverja og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Haldnar verða gönguferðir hvern miðvikudag ágústmánaðar 2023.

Allar ferðinar byrja kl 17:00.

- **2.ágúst:** Stöðulfell
- **9.ágúst:** Gengið upp með Þjórsá . Þjórsárholt - Minni-Núpur
- **16.ágúst:** Búði . Gengið frá Minna Hofi út að Þjórsá og að Búða (foss)
- **23.ágúst:** Skattstiginn. Gengið frá Hlíð að Háholti
- **30.ágúst:** Þjórsárdalsskógur. Gengið í skóginum og að lokum grillaðar pylsur.

Göngurnar verða síðan auglýstar hver fyrir sig er nær dregur.

Hlökkum til að ganga með ykkur